

Skóli Ísaks Jónssonar ses óskar hér með eftir endurnýjun samnings um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla. Samningur sá sem tók gildi 1. ágúst 2015 var til þriggja ára eða til 31. júlí 2018. Í 3. grein í samningsins er miðað við að fjöldi barna fari ekki yfir 61. Óskar skólinn eftir því að þetta viðmið verði hækkað í 65 frá og með 1. ágúst 2018. Samningurinn er annars ágætur og munum við samþykkja hann með þessari einu breytingu.

Varðandi ábendingar þínar um 2. gr. samningsins teljum við okkur hafa farið eftir henni í einu og öllu með því að senda ykkur nafnalista allra barna sem voru að hefja vistun hjá okkur í haust. Við fengum engar athugasemdir til baka vegna listans og töldum því allt vera með felldu. Við höfum ekki frekari aðgang að stöðu foreldra hjá ykkur annan en að bera saman bækur okkar með ykkur. Ef eitthvað annað verklag er betra viljum við endilega taka það upp.

Ástæður óskar um breytingu á 3. gr. eru m.a. þessar:

1. Á haustönn 2018 eru börnin þegar komin yfir 61
2. ef ekki er greitt með barni úr Reykjavík verðum við að hafna barninu
3. ef fjölskylda sem á barn í skólanum flytur úr öðru sveitarfélagi til Reykjavíkur verðum við að hafna barninu
4. engin viðlíka viðmið eru í nágrennasveitarfélögunum og hafa allar umsóknir verið samþykktar
5. þegar fjölskylda hefur flutt úr Reykjavík til nágrennasveitarfélags hafa engin vandræði skapast
6. fjöldi barna hefur verið breytilegur á milli ára og mikill fjöldi umsókna þegar borist skólanum fyrir næsta skólaár

Með vinsemd og virðingu,
Sigríður Anna Guðjónsdóttir
Skólastjóri

Skóli Ísaks Jónssonar
Bólstaðarhlíð 20 | 105 Reykjavík
Sími: 553 2590 | Fax: 553 4600
Gsm: 898 4019
www.isaksskoli.is